

AUGLÝSING

um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 48.500.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 28.000 krónur að lágmarki og 280.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.850.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. nóvember 2001.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Sandra Baldvinsdóttir.

REGLUR

um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Ákvörðun um fjöldatakmörkun.

Læknadeild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í læknisfræði og sjúkraþjálfun. Skal beiðni frá læknadeild þar að lútandi send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur læknadeildar eigi síðar en í janúar.

Ákvörðun um fjölda nýnema sem teknir eru inn ár hvert, gildir í 3 ár. Heimilt er að endurskoða ákvörðun innan tímabilsins, vegna breyttra aðstæðna.

2. gr.

Inntökupróf.

Inntökupróf er haldið í júní ár hvert, í fyrsta sinn árið 2002, samkvæmt nánari ákvörðun læknadeildar að höfðu samráði við framkvæmdastjóra kennslusviðs Háskóla Íslands. Prófið er haldið á vegum Háskóla Íslands og í húsnæði hans.

Læknadeild auglýsir prófið og liggur sérstök lýsing á framkvæmd þess frammi á skrifstofu deildarinnar.

Nemendur skulu vera skráðir sérstaklega til inntökuprófsins hjá nemendaskrá Háskóla Íslands áður en þeir ganga til prófsins. Tiltekinn fjöldi, ákveðinn skv. 1. gr., þeirra nemenda sem bestum árangri ná í prófinu fá rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands – læknisfræði eða sjúkraþjálfun, sbr. 4. gr. Nemandi sem öðlast rétt til náms í læknadeild að loknu inntökuprófi, skal hefja námið á næsta haustmisseri eftir prófið. Að öðrum kosti hefur hann